



Fundargerð

1358. fundur bæjarráðs Reykjanesbæjar, haldinn í Merkinesi, Hljómahöll
17. febrúar 2022, kl. 08:00

Viðstaddir:

Friðjón Einarsson formaður, Baldur Þ. Guðmundsson, Díana Hilmarsdóttir, Guðbrandur Einarsson, Margrét A. Sanders, Gunnar Þórarinnsson áheyrnarfulltrúi, Margrét Þórarinsdóttir áheyrnarfulltrúi og Hrefna Gunnarsdóttir ritari.

* * *

1. Samræmd móttaka flóttafólks og menntun barna (2022020555)

Bæjarráð tekur heilshugar undir erindi bréfsins.

2. Aðalfundur HS Veitna hf. 10. mars 2022 (2022020836)

Lagt fram aðalfundarboð HS veitna hf. Friðjóni Einarssyni formanni bæjarráðs falið að fara með atkvæði Reykjanesbæjar á fundinum sem haldinn verður 10. mars 2022.

3. Lánasjóður sveitarfélaga – framboð í stjórn (2022020839)

Óskað er eftir tilnefningu og/eða framboði í stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga.

4. Fundargerð heilbrigðisnefndar Suðurnesja 9. febrúar 2022 (2022020838)

Fundargerð lögð fram.

5. Fundargerð stjórnar Brunavarna Suðurnesja bs. 14. febrúar 2022 (2022020957)

Fundargerð lögð fram.

6. Fundargerðir neyðarstjórnar (2022010209)

<https://www.reykjanesbaer.is/is/stjornsysla/stjornsyslan/fundargerdir/neydarstjorn>

7. Umsagnarmál frá nefndasviði Alþingis (2022010436)

a. Tillaga til þingsályktunar um endurskoðun á laga- og reglugerðaumhverfi sjókvíaeldis, 93. mál

<https://www.althingi.is/altext/pdf/152/s/0093.pdf>

b. Tillaga til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, 332. mál

<https://www.althingi.is/altext/152/s/0468.html>

Umsagnarmál lögð fram.



8. Húsnæðissjálfsseignarstofnun fyrir landsbyggð (2022020019)

Þann 27. janúar var haldinn fundur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS) þar sem kynntar voru hugmyndir um stofnun húsnæðissjálfsseignarstofnunar (hses) fyrir sveitarfélög fyrir utan höfuðborgarsvæðið. Gert er ráð fyrir að öll sveitarfélög utan höfuðborgarsvæðisins geti lagt íbúðir inn í félagið eða tekið þátt í uppbyggingu.

Húsnæðissamvinnufélag er nú þegar til staðar í sveitarfélaginu. Því telur bæjarráð ekki rétt að sveitarfélagið taki þátt í stofnun fyrirhugaðrar húsnæðissjálfsseignarstofnunar, en muni fylgjast vel með framgangi mála.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:00.